



## Handbók um viðurkennt verklag

*Desember 2019*

Fjármagnað af:



Northern Periphery and  
Arctic Programme  
2014-2020



EUROPEAN UNION

Investing in your future  
European Regional Development Fund

Samstarfsaðilar:



Fermanagh & Omagh  
District Council  
Comhairle Ceantair  
Fhear Manach agus na hÓmaí



Northeast Iceland  
Development Agency



SCCUL  
Enterprises CLG  
Of the Community  
For the Community



SAVONIA  
UNIVERSITY OF APPLIED SCIENCES

# Efnisskrá

1	Velkomin í BizMentors International .....	1
1.1	Yfirlit .....	1
1.2	Okkar ætlunarverk .....	2
1.3	Okkar sýn .....	2
1.4	Markmið verkefnisins .....	2
1.5	Afrakstur verkefnisins .....	3
2	Mentorhugtakið .....	3
2.1	Hvað felst í að vera mentor og hvað ekki? .....	4
3	Yfirlit yfir núverandi framkvæmd – bizmentors Galway .....	4
3.1	Ágrip af núverandi líkani .....	4
3.2	Frumkvöðlar .....	5
3.3	Mentorar .....	5
3.4	Kynning .....	5
3.5	Að para saman frumkvöðul og mentor .....	6
3.6	Upphaf mentorsamstarfsins .....	6
3.7	Mat áætlunarinnar .....	6
4	Prófanir á pappír .....	6
4.1	Frumkvöðlar .....	7
4.2	Mentorar .....	7
4.3	Kynningarfundur .....	7
4.4	Að para saman frumkvöðul og mentor .....	7
4.5	Upphaf mentorsamstarfsins .....	8
4.6	Mat áætlunarinnar .....	8
5	Mentorlíkan á netinu .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
5.1	Yfirlit yfir tillögu að netlíkani .....	8
5.2	Frumkvöðlar .....	9
5.3	Mentorar .....	9
5.4	Kynning og siðareglur .....	10
5.5	Ferlið að para saman frumkvöðul og mentor .....	11
5.6	Ráðgjafahópur .....	12
	<b>Viðaukar</b> .....	<b>0</b>

Viðauki 1 – Tilbúið eyðublað fyrir frumkvöðla.....	i
Viðauki 2 – Tilbúið eyðublað fyrir mentora .....	iii
Viðauki 3 – Tilbúið eyðublað fyrir endurgjöf .....	v
Viðauki 4 – Rafrænt eyðublað fyrir frumkvöðla .....	vii
Viðauki 5 – Rafrænt eyðublað fyrir mentora .....	ix
Viðauki 6 – Siðareglur .....	xii
Viðauki 7 – Eyðublöð fyrir endurgjöf á pappír .....	xv
Viðauki 8 – Rafræn eyðublöð fyrir endurgjöf .....	xviii

# 1 Velkomin í BizMentors International

## 1.1 Yfirlit

bizmentors er viðskiptaþróunarverkefni sem búið var til í Galway á Írlandi árið 2012 með það fyrir augum að styrkja fyrirtæki og stuðla að frumkvöðlastarfi. Verkefnið, sem er hugarsmið SCCUL Enterprises CLG, hefur reynst mjög farsælt. Frá árinu 2012 hafa forsvarsmenn rúmlega 1000 fyrirtækja tekið þátt í verkefninu og er það nú liður viðskiptaþróunar í allri Galway-sýslu.

Verkefnið gengur út á að forsvarsmenn fyrirtækja, eða frumkvöðlar, njóti leiðsagnar reyndra rekstraraðila fyrirtækja, svokallaðra mentora. Upphaflega var aðeins gert ráð fyrir fáum mentorum sem veittu leiðsögn á tiltölulega litlu svæði. Ætlunin var í fyrstu að styðja þau fyrirtæki sem ekki áttu rétt á stuðningi frá ríkisstofnunum, t.d. ef þau ógnuðu stöðu annarra fyrirtækja á markaðinum, höfðu færri en tíu starfsmenn eða áttu ekki möguleika til útflutnings. Viðskiptalíkanið gerði því ráð fyrir að verkefnið yrði viðbót við það stuðningskerfi sem þegar var til staðar.

Þar sem allir geta tekið þátt í bizmentors, einstaklingar jafnt sem fyrirtæki úr öllum greinum, getur verkefnið stutt við alls konar starfsemi og mismunandi þjóðfélagshópa, þ.m.t. minnihlutahópa í fyrirtækjarekstri eins og konur, fólk með fatlanir og af erlendum uppruna. Hver frumkvöðull getur sótt um eins oft og á eins mörgum sviðum og þörf er á.

Frá því í apríl 2012 hefur bizmentors Galway útvegað fleiri en 3060 einkatíma milli frumkvöðla og mentora og rúmlega 1900 skjólstæðingar hafa sótt námskeið þar sem einn mentor leiðbeinir hópi frumkvöðla um ýmiss konar viðskiptatengd málefni.

Hugmyndin á bakvið BizMentors International viðskiptalíkansins er einföld, að veita frumkvöðlum og forsvarsmönnum lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja stuðning í formi ráðgjafar mentora, án endurgjalds og hindrana. Lykillinn að velgengni BizMentors International er lágur kostnaður. Þar sem mentorarnir eru í sjálfbóðastarfi er kostnaðurinn ekki mikill við að halda uppi gagnvirku samskiptasvæði á netinu og skipulagningu verkefnisins. Þar af leiðandi verður verkefnið nær sjálfbært þegar fjármögnun er lokið.

BizMentors International verkefnið hlaut fjármögnun til þriggja ára frá Norðurslóðaáætlun (NPA) Evrópusambandsins í október 2018. BizMentors International verkefnið miðar að því að uppfæra núverandi viðskiptamentoralíkan frá SCCUL með gagnvirku svæði á netinu þar sem fólk getur skipst á ráðleggingum og verkefnið þróast og breiðst út. Þannig verður sérfræðiþekking aðgengileg öllum frumkvöðlum og fyrirtækjum þvert á landamæri. Verkefnið verður prófað á svæði Norðurslóðaáætlunar þar til þriggja ára fjármögnunaráætlun lýkur.

BizMentors International er samvinnuverkefni leitt af Western Development Commission (WDC) (Írland) í samstarfi við: Sveitarstjórn Fermanagh og Omagh sýslna (Norður-Írland), Norðurslóðanet Íslands (IACN) og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi

eystra (SSNE) (áður hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga) (Ísland), háskólans Savonia University of Applied Sciences (Finnland) og SCCUL Enterprises CLG (Írland).

Við prófun á nýja viðskiptalíkaninu verður einungis horft til fyrirtækja sem sérhæfa sig í vinnslu og framleiðslu á landbúnaðarafurðum en jafnframt skal eftirfarandi haft í huga: Að styðja framleiðslu landbúnaðarafurða en ekki einblína á frumframleiðslu.

## 1.2 Okkar markmið

Markmið okkar er: „Að greiða fyrir hagvexti í gegnum mentorastarf sem einkennist af viðurkenndu verklagi og tækninotkun.“

## 1.3 Okkar sýn

Að styðja fyrirtæki í dreifbýli til þess að halda velli, þrífast og stækka með því að veita þeim óheftan aðgang að handleiðslu mentora.

## 1.4 Markmið verkefnisins

Markmið þessa NPA-verkefnis er:

1. Að koma BizMentors viðskiptalíkaninu í framkvæmd í nærumhverfi samstarfsaðilanna og veita þeim sem hafa metnað, góðar hugmyndir og hæfileika aðgang að sérhæfðri þekkingu og mörkuðum.
2. Að þróa netvang, gagnvirkt svæði á netinu, sem allir hafa aðgang að sama hvar þeir eru í heiminum, og auka þannig umfang mentorabjónustunnar á hagkvæman hátt.
3. Að búa til handbók um viðurkennt verklag svo hægt sé að skiptast á ráðleggingum og þróa hentugt tæki sem má nota á öllu NPA-svæðinu og víðar.

Framsæknir einstaklingar og forsvarsmenn fyrirtækja fá hvatningu frá og aðgang að sérþekkingu mentora frá öðrum landshlutum og löndum í gegnum þátttöku sína í verkefninu. Með því að kynna BizMentors International verkefnið á öllu NPA-svæðinu hljóta frumkvöðlar stuðning frá þeim sem hafa reynslu af fyrirtækjarekstri og geta nýtt sér einstakan náttúrauð, auðlindir og þekkingu á öllu athafnasvæði verkefnisins. Þannig mun verkefnið hvetja til og og þróa frumkvöðlastarf og auka útflutningsmöguleika lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja á nýjum mörkuðum innan NPA-svæðins og auðvelda þeim að mynda viðskiptatengsl. Leitast er við að stuðla að velgengni sprotafyrirtækja og bæta afkomu lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja með því að leggja frumkvöðlum sem hafa metnað og drifkraft til þekkingu og reynslu.

Sýn okkar sem stöndum að verkefninu er að gera NPA-svæðið eftirsóknarvert til búsetu, til þess að stunda nám, starfa, heimsækja og fjárfesta í. BizMentors International verkefnið snýst um að miðlun þekkingar, nýsköpun og að læra af reynslu annarra. Þessir þættir eru nauðsynlegir til þess að hægt sé að hrinda verkefninu í framkvæmd víðar og sníða það að þörfum fleiri staða á NPA-svæðinu.

## 1.5 Afrakstur verkefnisins

Endanleg afurð verkefnisins verður stofnun gagnvirks netsvæðis, netvangs BizMentors International, til að styðja frumkvöðla og fyrirtæki á afskekktum og strjálbýlum svæðum. Netvangurinn verður þróaður á grundvelli reynslu af viðurkenndu verklagi við viðskiptalíkan SCCUL sem prófað verður fjölbjóðlega þar sem mentorar ráðleggja frumkvöðlum í öðrum löndum um góða viðskiptahætti.

Endanleg afurð verkefnisins byggir á núverandi bizmentors-líkani SCCUL og tengslanet mentora og frumkvöðla verður fært út til fjölbreyttra og afskekktra svæða í löndunum sem taka þátt í verkefninu. Dregið verður úr kostnaði við viðskiptalíkanið með notkun netvangsins.

## 2 Mentor-hugtakið

Samband mentors og frumkvöðuls felur í sér ákveðinn persónuþroska, en það byggir á því að manneskja sem er reyndari í viðskiptaháttum og betur að sér í heimi viðskipta leiðbeinir manneskju sem er óreyndari á þessu sviði og að stíga sín fyrstu skref í viðskiptaheiminum. Í samskiptum mentors og frumkvöðuls er horft til framtíðaráforma og farið yfir viðskiptaþróun á víðtækan hátt, en í hefðbundnum samböndum þjálfara og nemanda er athyglin yfirleitt á úrlausnum ákveðinna vandamála.

David Clutterbuck,<sup>1</sup> fræðimaður sem rannsakaði mentora-sambönd, bjó árið 2004 til skammstöfun fyrir það sem mentorar gera:

- **Manage the relationship** (Stjórna sambandinu)
- **Encourage** (Hvetja)
- **Nurture** (Næra)
- **Teach** (Kenna)
- **Offer mutual respect** (Sýna gagnkvæma virðingu)
- **Respond to the learner's needs** (Bregðast við þörfum nemandans)

bizmentors Galway skilgreinir mentora sem „fólk sem notið hefur velgengni í viðskiptum og býður fram reynslu sína, ráðleggingar og stuðning til forsvarsmanna lítilla fyrirtækja og sprotafyrirtækja og hjálpa þannig til við að þróa þau og stækka.“

---

<sup>1</sup> <https://www.skillsyouneed.com/learn/mentoring.html>

## 2.1 Hvað er mentor og hvað ekki?<sup>2</sup>

<b>Mentor er:</b>	<b>Mentor er ekki:</b>
Leiðbeinandi: <i>„Ef þú finnur ekki réttu leiðina skaltu spyrja einhvern sem hefur fetað hana áður.“ J. Loren Norris</i>	Verksjóri: Ef þú ræðir verkefni dagsins við mentorinn þinn gerir þú þetta vitlaust.
Viðmælandi: Stundum þarf fólk öruggt rými til að viðra hugmyndir sínar. Mentorinn segir þér skoðanir sínar á kenningum þínum og lausnum.	Reddari: Eitt af því versta sem þú getur gert er að ætlast til þess að mentorinn leysi vandamál þín án þess að hafa íhugað eina einustu lausn sjálfur.
Til aðstoðar: Mentorinn hefur fyrst og fremst það óeigingjarna hlutverk að aðstoða aðra manneskju við að læra um viðskiptahætti og byggja upp fyrirtæki.	Sá sem ræður: Mentorinn er tilbúinn til þess að leiðbeina þér en á ekki að taka ákvarðanir fyrir þig eða fyrirtækið þitt.
Trúnaðarmanneskja: Mentorinn vill að þér vegni vel og þú getur treyst honum fyrir viðkvæmum upplýsingum án þess að hafa áhyggjur af því að það komi í bakið á þér.	Slúðrari: Mentorinn ræðir ekki um persónuleg málefni annarra og/eða keppinauta.
Stuðningsaðili: Mentorinn hjálpar þér við að greina mistök og gefur þér tækifær til þess að læra og vaxa.	Miðlari: Það vill enginn vera hylltur eða notaður vegna einhvers sem hann þekkir. Ekki biðja mentorinn um kynna þig fyrir öðrum nema það virðist viðeigandi.

## 3 Yfirlit yfir núverandi framkvæmd – bizmentors Galway

### 3.1 Ágrip af núverandi líkani

Frá því í apríl 2012 hefur bizmentors Galway útvegað fleiri en 3060 einstaklingstíma milli mentora og frumkvöðla og rúmlega 1900 skjólstæðingar hafa sótt hópnaðskeytið um fjölbreytt málefni tengdum mentora-þjónustu.

<sup>2</sup> <https://mentorloop.com/blog/what-a-mentor-is-and-isnt/>

## How does bizmentors® Mentoring Programme Work?

Step 1	Step 2	Step 3	Step 4	Step 5	Step 6
<b>Apply On Line</b>	<b>Application Review</b>	<b>Mentee Induction Training</b>	<b>Mentee / Mentor Match</b>	<b>Mentoring Sessions Commence</b>	<b>Final Mentoring Session Complete</b>
The more relevant information provided the more successful the mentoring match	Review of application	Group session [approx 3 hours] which prepares Mentees for the programme	Mentor match made from information supplied in the online application	Programme: Up to 3 Sessions over a 3 month period	Mentee & Mentor - Review/Feedback/Survey

Þessi mynd skýrir sex-skrefa ferlið sem notað er hjá bizmentors Galway.

Hvernig virkar bizmentors®mentora-kerfið?

- Skref 1: Umsókn á netinu – Því nákvæmari sem upplýsingarnar eru, þeim mun betri verður þörunin við mentor.
- Skref 2: Úrvinnsla umsóknar – farið er yfir upplýsingarnar í umsókninni.
- Skref 3: Undirbúningur fyrir þátttöku – Frumkvöðull sækir u.þ.b. þriggja tíma námskeið til þess að undirbúa þátttöku í verkefninu.
- Skref 4: Þörun við mentor – Frumkvöðull fær úthlutaðan mentor samkvæmt upplýsingunum í umsókninni.
- Skref 5: Einkatímar með mentor – Í verkefninu er gert ráð fyrir allt að þremur tímum á þriggja mánaða tímabili.
- Skref 6: Lokahnykkur leiðsagnarinnar – Frumkvöðull og mentor fara yfir, rýna og segja álit sitt á verkefninu.

### 3.2 Frumkvöðlar

Frumkvöðlar sækja um þátttöku í verkefninu með því að fylla út stutta umsókn á netinu (sjá viðauka 1, sniðmát að eyðublaði). Verkefnastjórinn fer yfir umsóknina og finnur mögulega mentora.

Vegna mikillar eftirspurnar verða lítil og meðalstór fyrirtæki (með 0-10 og 10-49 starfsmenn) í forgangi.

### 3.3 Mentorar

Mentorar eru fólk sem notið hefur velgengi í viðskiptum og býður fram reynslu sína, ráðleggingar og stuðning til forsvarsmanna lítilla fyrirtækja og sprotafyrirtækja. Mentorar sækja um með því að fylla út stutta umsókn á netinu (sjá viðauka 2, sniðmát að eyðublaði).

### 3.4 Kynning

Frumkvöðlar og mentorar þurfa að mæta á kynningarfund til að tryggja að þeir skilji ferlið og séu tilbúnir til að hámarka árangur með þátttöku í mentora-verkefninu.



### 3.5 Pörun frumkvöðuls og mentors

Ráðgjafarnefnd, í samstarfi við verkefnastjóra á hverju svæði fyrir sig, úthlutar frumkvöðlum mentor eftir sérsviði og framboði. Mentorar eru sjálfboðaliðar. Þeir skrifa undir stranga trúnaðar- og siðareglusamninga við bizmentors.

Verkefnastjórinn óskar eftir samþykki mentors fyrir fyrirhugaðri pörun. Mentorinn fær að skoða umsókn frumkvöðulsins áður en hann veitir samþykki sitt. Verkefnastjórinn hringir í frumkvöðulinn til að upplýsa hann um hvaða mentor honum hefur verið úthlutað, fær netfangið hans og upplýsingar um hvernig frumkvöðullinn getur haft samband.

### 3.6 Upphaf mentora-starfsins

Það er á ábyrgð frumkvöðulsins að hafa samband við mentorinn sem honum hefur verið úthlutaður. Þegar frumkvöðullinn hefur lokið kynningarnámskeiðinu, tekið saman helstu upplýsingar, undirbúið sig og fengið tölvupóst eða símtal frá verkefnastjórn, er tímabært að hafa samband við mentorinn.

Áður en mentora-starfið hefst þurfa báðir aðilar að samþykkja ráðahaginn. Frumkvöðull segir frá sínum markmiðum og leitar eftir samþykki mentors. Gert er ráð fyrir þremur einkatímum með mentor, auk eins tíma til að sannreyna að mentor og frumkvöðull eigi samleið. Fundirnir geta farið fram á stað sem mentorinn eða í miðstöð SCCUL Enterprise í Ballybane á þriggja mánaða tímabili.

Eftir að mentora-tímunum er lokið geta frumkvöðlar sótt um að taka þátt í mentora-starfi aftur í tengslum við aðra þætti í rekstri þeirra og fengið úthlutað mentor í tvö eða þrjú skipti í heildina.

### 3.7 Mat áætlunarinnar

Þegar þremur tímum er lokið er ætlast til að frumkvöðullinn fylli út matsblað (sjá sniðmát í viðauka 3) innan einnar viku. Verkefnastjórinn fer yfir matsblaðið og kemur efni þess á framfæri til ráðgjafarnefndarinnar/mentoranna eftir því sem við á.

## 4 Prófanir á pappír

Verkferli yfirferðar umsókna vegna Bizmentors International ætti að svipa til þess sem lagt var upp með í bizmentors Galway. Sex skrefa ferlið hjá bizmentors Galway hefur nú þróast yfir í þriggja skrefa ferli eins og myndin sýnir.

1. Umsókn á netinu.
2. Mat á þörfum.
3. Pörun við mentor.



Bæklingur í stærðinni A5 verður gefinn út og honum dreift til að kynna verkefnið, vekja áhuga og beina áhugasömum þátttakendum annað hvort til verkefnastjóra BizMentors International á þeirra svæði eða á vefsíðu verkefnisins: [www.bizmentors.eu](http://www.bizmentors.eu).

#### 4.1 Frumkvöðlar

Frumkvöðlar sækja um þátttöku í mentora-verkefninu með því að fylla út stutt eyðublað á netinu á [www.bizmentors.eu](http://www.bizmentors.eu) (sjá viðauka 4, sniðmát að eyðublaði). Umsókninni er síðan komið til verkefnastjórans á viðeigandi svæði sem finnur mögulega mentora.

#### 4.2 Mentorar

Mentorar sækja um með því að fylla út stutta umsókn á netinu (sjá viðauka 5, sniðmát að eyðublaði).

Verkefnastjóri viðeigandi svæðis tekur einnig við þessum umsóknum. Hann athugar hvort umsækjandinn sé hæfur til þess að leiðbeina frumkvöðlum á þessu tiltekna svæði, m.a. með samtölum í síma, skoðun ferilskrár, yfirferð uppgefina vefsíðna og samfélagsmiðla, athugun á upplýsingum um fjárhag viðkomandi og samtölum við umsagnaraðila sem geta borið vott um reynslu umsækjandans á því sérsviði sem gefið var upp.

#### 4.3 Kynningarfundur

Í tengslum við yfirferð umsókna er kynningarfundur haldinn fyrir bæði mentora og frumkvöðla hjá SCCUL í gegnum myndsímtal í fjarfundabúnaði. Ef gæðin eru viðunandi verður myndsímtalið tekið upp þannig að verkefnastjóri svæðisins þar sem frumkvöðullinn býr geti skoðað upptökuna. Kynningarfundurinn er haldinn til að ganga úr skugga um að mentorar og frumkvöðlar skilji ferlið og séu undirbúnir þannig að þátttaka þeirra í mentora-verkefninu skili sem mestum árangri. Að loknum kynningarfundi skrifa bæði mentorar og frumkvöðlar rafrænt undir notendaskilmála verkefnisins. Þá ber að kynna sér siðareglur verkefnisins áður en þátttaka er formlega samþykkt.

#### 4.4 Pörun frumkvöðuls og mentors

Ráðgjafanefnd verkefnisins og/eða verkefnastjóri á svæðinu sjá um að finna mentora til að leiðbeina frumkvöðlum eftir framboði og sérsviði þeirra.

Verkefnastjórinn leitar eftir samþykki mentors á fyrirhugaðri þörun í síma eða með tölvupósti. Þegar samþykki mentorsins liggur fyrir fær hann að skoða umsókn frumkvöðulsins. Verkefnastjórinn hefur síðan samband við viðkomandi frumkvöðul til að upplýsa hann um hver mentorinn hans er og lætur hann vita hvernig sé best að hafa samband.

#### 4.5 Upphaf mentora-starfsins

Frumkvöðullinn skal eiga frumkvæðið að því að hafa samband við mentorinn sem honum var úthlutað. Þegar frumkvöðullinn hefur lokið kynningarnámskeiðinu, tekið saman helstu upplýsingar, undirbúið sig og fengið tölvupóst eða símtal frá verkefnastjórn, er tímabært að hafa samband við mentorinn.

Áður en mentora-starfið hefst þurfa bæði mentor og frumkvöðull að samþykkja ráðahaginn. Í upphafi verkefnisins segir frumkvöðullinn frá markmiðum sínum og tilgangi þátttöku sinnar í verkefninu sem mentorinn þarf síðan að samþykkja. Þetta er venjulega gert á sérstökum undirbúningsfundi þar sem gengið er úr skugga um að frumkvöðull og mentor eigi samleið. Síðan eiga mentor og frumkvöðull þrjá einkatíma, annað hvort í eigin persónu eða á fjarfundi. Þeir koma sér saman um fyrirkomulag og tímasetningu funda, sem haldnir eru á þriggja mánaða tímabili. Á hverju þáttökusvæði verkefnisins ættu fimm frumkvöðlar (eða forsvarsmenn fyrirtækja) að taka þátt í prófun byggt á fyrirmynd frá Galway.

#### 4.6 Mat áætlunarinnar

Þegar tímunum þremur er lokið er ætlast til að frumkvöðullinn og mentorinn fylli út matseyðublaðið (sjá sniðmát í viðauka 3) sem verkefnastjóri svæðisins sendir áfram til verkefnastjórnar í tölvupósti. Fyrst ber verkefnastjóranum að fara yfir matsblaðið, íhuga hvaða lærdóm má draga af reynslu þessara aðila og skilar ábendingum til ráðgjafarnefndarinnar/mentora/samstarfsaðila eftir því sem við á.

## 5 Netútgáfa verkefnisins

### 5.1 Útlistun á tillögu að netútgáfu

Samkvæmt tillögunni er netútgáfa verkefnisins keimlík pappírsútgáfunni. Pappírsútgáfan er hins vegar vinnufrekari og erfitt er að hafa umsjón með henni. Verkefnastjórn bizmentors Galway áætlar að kostnaðurinn við pappírsútgáfuna nemi um 64.000 evra á ári.

Á netvangi, gagnvirkum vettvangi á netinu, getur fólk boðið fram og óskað eftir mentoraþjónustu á netinu. Á netvanginum tengir innbyggt algrím saman mentora og frumkvöðla eftir þeirri hæfni/reynslu sem mentorar bjóða fram og frumkvöðlar leita eftir. Til að byrja með eru mentorar paraðir saman við frumkvöðla á sama svæði, nema þeir sem taka þátt í fjölþjóðlega verkefninu. Sjálfvirkur tölvupóstur verður sendur út og leysir þar með verkefnastjóra af hólmi.

## 5.2 Frumkvöðlar

Frumkvöðlar sækja um í gegnum vefsíðuna [www.bizmentors.eu](http://www.bizmentors.eu).

Umsóknareyðublaðinu á netinu svipar til þess á pappír (sjá viðauka 4) með nokkrum spurningum til viðbótar til að ganga úr skugga um að þarfir frumkvöðla hæfi verkefninu og auðvelda algríminu að para þá saman við hentuga mentora á sem áhrifaríkastan hátt. Það verða 12 flokkar í boði og allt að fjórir undirflokkar fyrir hvern þeirra. Frumkvöðlar eru beðnir um að forgangsraða þeim á skalanum 1-10 eftir því í hvaða flokki þeir helst vilja fá mentor til að leiðbeina sér með.

Þegar umsóknareyðublaðið hefur verið fyllt út fær frumkvöðullinn sjálfvirkan tölvupóst sem staðfestir móttöku og upplýsir að hann fái tilkynningu um niðurstöðu þörunarferlisins innan sjö daga.

## 5.3 Mentorar

Mentorar sækja líka um með því að fylla út stutt umsóknareyðublað á netinu sem svipar mjög til pappírsútgáfunnar (sjá viðauka 5). Mentorinn getur einnig valið 12 flokka, með allt að fjórum undirflokkum í hverjum flokki, þar sem hann hakar við sín sérsvið. Mentorar eru líka beðnir um meta reynslu sína og þekkingu á skalanum 1-10 til að auðvelda þörun algrímsins.

Þegar umsóknareyðublaðið hefur verið fyllt út fær mentorinn sjálfvirkan tölvupóst sem staðfestir móttöku og upplýsir að hann fái tilkynningu um niðurstöðu þörunarferlisins innan sjö daga.

Þegar mögulegir mentorar eru metnir til þátttöku í verkefninu ætti að leita að eftirfarandi kostum:

- aðgengileika
- góðri samskiptahæfni, þ.m.t. að vera góður hlustandi og góður í samskiptum
- vera fær um að helga tíma og orku í mentora-starfið, að lágmarki þrjár klukkustundir á þriggja mánaða tímabil
- búa yfir viðeigandi reynslu í sérstakri atvinnugrein/sérfræðigrein
- hafa metnað til að styðja, hvetja og greiða fyrir persónulegum framförum annarra og tiltekinnar atvinnugreinar með því að bjóða sig fram í sjálfböðastarf
- búa yfir getu til þess að viðhalda sjálfstæði sínu og hlutleysi í tengslum við möguleikann á stækkun fyrirtækis frumkvöðuls
- búa yfir getu til þess að hugsa á skipulagðan hátt, móta aðgerðaráætlun og gera breytingaráætlanir
- vera fær um að virða og standa vörð um trúnað

Í umsóknarferlinu eru mentorar beðnir um að gefa upp nöfn tveggja aðila sem eru tilbúnir til að veita þeim meðmæli. Til að uppfylla gæðakröfur hefur verkefnastjórnin á svæðinu rétt til þess að hringja í meðmælendur hvenær sem er í ferlinu. Ef einhver mentor fær umsögn frá frumkvöðli sem vekur áhyggjur verkefnastjórans/ráðgjafarnefndarinnar verður þegar í stað að hafa samband við umsagnaraðila og hugsanlega segja upp samningi við mentorinn sem um ræðir.

#### 5.4 Kynning og siðareglur

Bæði mentorar og frumkvöðlar þurfa að taka þátt í kynningarfundum á netinu til að kynna sér verkefnið og tryggja að þeir skilji ferlið og fái sem mest út úr mentora-starfinu.

Í kynningarferlinu er farið vel yfir hlutverk mentorsins. Skilgreining þess þarf að vera skýr þannig að bæði mentor og frumkvöðull hafi sama skilning á því. Jafnframt þurfa þeir að skilja siðareglurnar sem hafðar eru að leiðarljósi í samskiptum mentors og frumkvöðuls. Báðir aðilar þurfa að vera samþykkir þessum reglum. Atriði eins og fjöldi funda, staðsetning og fyrstu skref ber einnig að ákveða á fundinum til að hægt sé að hefja ráðgjafarferlið framhaldinu.

Mentorinn ætti að vera í stakk búinn til að samþykkja að markmið frumkvöðulsins fyrir fyrirtækjarekstur sinn séu raunhæf og tilbúinn til þess að leiðbeina og styðja frumkvöðulinn í því að ná markmiðunum.

Bæði mentor og frumkvöðull þurfa að staðfesta ásetning sinn og getu til að hefja mentora-starfið. Síðan er þeim gert að fara yfir siðareglur verkefnisins og skrifa undir samninginn rafrænt.

Eftirfarandi reglur eru lýsandi fyrir staðal og aðferðir sem báðum aðilum er ætlað að fylgja:

- öllum þátttakendum ber að virða jöfn tækifæri og fjölbreytileika mannlífsins;
- mentor og frumkvöðull koma fram af heilindum, hreinskilni og fagmennsku, og virða trúnað við hvorn annan meðan á ráðgjafarferlinu stendur og áfram eftir að því lýkur;
- mentorinn vinnur innan marka sinnar fagmannlegu hæfni og leitar ráða annars staðar þegar það er við hæfi og nauðsyn ber til;
- bæði mentor og frumkvöðull tryggja að ráðgjafarferlið endurspegli efnið og mörkin sem samþykkt voru í upphafi;
- mentor og frumkvöðull skapa umhverfi sem stuðlar að lærdómi og fagmannlegri uppbyggingu;
- mentorinn þarf að vera meðvitaður um mögulega hagsmunaárekstra og vísar málum til verkefnisstjóra/ráðgjafarnefndar ef ljóst er að upp koma hagsmunaárekstrar;
- bæði mentor og frumkvöðull skulu fylgja lögum;

- bæði mentor og frumkvöðull samþykkja að virða trúnað þegar málefni eru rædd þeirra á milli þar sem persónulegar upplýsingar koma fram;
- mentor og frumkvöðull skilja að leiðsögnin sem mentorinn veitir er ætluð til þess að styrkja frumkvöðulinn í ákvarðanatöku sinni, en ábyrgðin liggur hjá frumkvöðlinum;
- bæði mentor og frumkvöðull skilja og samþykkja að mentorinn er einungis til staðar sem ráðgjafi og getur ekki tekið á sig ábyrgð eins og til dæmis með nefndarsetu eða sem viðskiptafélagi fyrirtækis frumkvöðulsins.

Skoða mætti hvort samhæfa ætti verkefnið að siðareglum og viðskiptaháttum Evrópska markþjálf- og mentoraráðsins (EMCC).

### 5.5 Ferlið að para saman frumkvöðul og mentor

Mentorum er úthlutað til frumkvöðla á netvangingum eftir því hver er laus hverju sinni og hver hentar þörfum umsækjenda best. Mentorar eru sjálfboðaliðar. Gert er ráð fyrir að netvangurinn geti parað saman mentor og frumkvöðul. Þegar þöruninni er lokið fær mentorinn umsókn frumkvöðulsins til skoðunar. Hann gefur upp þrjár mögulegar dagsetningar fyrir kynningarfundinn á netvanginum. Tölvupóstur er þá sendur sjálfkrafa til frumkvöðulsins. Þeir velja í sameiningu eina af þessum þremur dagsetningunum.

Núverandi verklag, sem notast hefur verið við í bizmentors Galway, hefur gert fyrirtækjum kleift að vaxa og breytast á farsælan hátt. Í því felst að boðið er upp á fund í upphafi ferlisins til þess að mentor og frumkvöðull átti sig á hvort þeir eigi samleið. Þar á eftir skipuleggja þeir að hittast a.m.k. á þremur fundum, í einn klukkutíma í senn, á þriggja mánaða tímabili.

Ferlinu er ætlað að auðvelda þátttakendum að hefja ráðgjafaraferlið og ljúka því og meðan á því stendur örva viðskiptaþróun og möguleika til uppbyggingar og áframhaldandi breytinga.

Á fyrsta fundinum hafa mentorinn og frumkvöðullinn tækifæri til þess að kynnast hvor öðrum og ræða, m.a. áætlanir frumkvöðulsins með fyrirtækið sitt, áskoranir/hindranir í tengslum við vöxt fyrirtækisins og þá þekkingu og reynslu sem mentorinn getur boðið fram. Þetta kemur til viðbótar við upplýsingarnar sem komu fram í umsókn frumkvöðulsins.

Á fyrsta fundi ættu báðir aðilar að ræða og koma sér saman um tímasetningar og staðsetningu/aðferð næstu funda. Mentorinn ber ábyrgð á því að skrá þessar þrjár dagsetningar/tímasetningar inn á netvanginn.

Þótt það sé skiljanlegt að frumkvöðlar þurfi e.t.v. stuðning til þess að bera kennsl á aðalatriðin/viðfangsefnin sem leysa þarf til að fyrirtækið geti vaxið er mælst til þess að mentorar og frumkvöðlar skilgreini vel afmörkuð og raunhæf markmið fyrir þróun fyrirtækisins strax í upphafi verkefnisins. Framvinduna í átt að markmiðinu er svo hægt að nota til að sjá hversu langt var náð og verður þar grunnurinn að mati á því hversu áhrifaríkt mentorferlið var.

Þegar bæði mentor og frumkvöðull hafa veitt sína lokaumsögn í lok ráðgjafarferilsins fær frumkvöðullinn sjálfvirkan tölvupóst. Þar er honum boðið að halda áfram í BizMentors International ef nauðsyn krefur, tekið skal fram að umsóknarferlið er styttra í annað sinn; velja þarf aukinn stuðning og skrá hvaða hæfni/sérfræðipækkingu þarf til að styðja rekstur fyrirtækisins enn frekar. Einnig er hægt að ljúka ferlinu og óska eftir því að upplýsingar um mentor og frumkvöðul verði fjarlægðar úr gagnagrunni netvangsins. Mentorinn er líka spurður að því hvort frumkvöðullinn hafi þörf fyrir aukinn stuðningi og á hvaða svæði.

Mentor og frumkvöðull eiga að veita umsögn um málefnið sem farið var yfir í ráðgjafarferlinu og meta hversu vel stuðningur mentorsins reyndist til þess að ná fram jákvæðum breytingum innan fyrirtækisins. Í umsögninni ætti einnig að taka fram hvort breytinga sé þörf til að bæta netvanginn.

## 5.6 Ráðgjafahópur

Til þess að ná sem mestum árangri í að greina aðalatriði starfsins og útvega frumkvöðlum annars konar stuðning fyrir fyrirtækjarekstur þeirra er mælt til þess að ráðgjafahópur sé stofnaður og að í honum séu fulltrúar lögboðinnar stuðningsþjónustu fyrir fyrirtæki. Hlutverk hans væri eftirfarandi:

